



Horft til austur af hábungu Eyjafjallajökuls á sumardaginn fyrsta. Hámundur fyrir miðju (1666 m) og Guðnasteinn til hægri.



Fundarmenn að loknum aðalfundi frá vinstri. Tómas Guðbjartsson, Ólafur Már Björnsson og Magnús Gottfredsson. Myndin er tekin í vesturátt af Hámundi og það sést grilla í gíginn frá síðasta gosi og í Guðastein.

Á fjallaskíðum á Eyjafjallajökli

Texti: Tómas Guðbjartsson

Myndir: Ólafur Már Björnsson

Áhugi á útivist fer áfram vaxandi meðal landsmanna. Fátt hleður betur batteríin eftir langan vetur en góður dagur á fjöllum. Félag Íslenskra FjallaLækna (FÍFL) er nú að komast í sumarskap eftir kaldan en fallegan vetur. Um miðjan maí var farin ógleymanleg ferð frá Kvískerjum á Sveinstind í Örafajökli (2044 m) í fótspor Sveins

Pálssonar lækni og náttúrufræðings. Greint verður nánar frá þeirri ferð síðar í tengslum við 100 ára afmæli útgáfu Læknablaðsins á næsta ári. Veður hefur gert FÍFLum lífið leitt s.l. haust og aftur í vor. Fyrir vikið hefur ítrekað þurft að fresta ferðum, m.a. vorferðinni, og ekkert varð af göngu á Hrútfell á Kili síðastliðið haust vegna slæms veðurs þrjár helgar í röð. Hrútfell er þó enn á sínum stað og verður lagt að velli næst haust. Verður

sú ferð auglýst nánar síðar. Annars eru sumir félagsmenn komnir á fjallaskíði og hafa ýmsir jöklar sunnanlands verið lagðir að velli í vetur og vor. Eins og fram kemur á heimasíðu félagsins www.fifl.is var aðalfundur haldinn á hæsta tind Eyjafjallajökuls, Hámundi (1666 m), á sumardaginn fyrsta. Fámennt var á fundinum og gengu aðalfundarstörf því óvenjuvel. Eftir stjórnarkjör var skíðað að Seljavöllum í púðursnjó með stórbrotið útsýni til sjávar.